



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 13. ágúst 2007

Ákvörðun nr. 40/2007

### **Samruni Mest ehf. og Pallaleigunnar Stoðar ehf.**

#### **I.**

Með bréfi, dags. 23. maí 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Mest ehf. og Pallaleigunnar Stoðar ehf. Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005, um tilkynningu samruna. Samrunatilkynning þessi uppfyllti ekki að fullu skilyrði þau sem gerð eru til samrunatilkynninga skv. 17. gr. samkeppnislaga og reglna nr. 881/2005, um tilkynningu samruna. Var því óskað eftir ítarlegri upplýsingum. Fullnægjandi upplýsingar og fylgiskjöl bárust þann 22. júlí sl. Telur Samkeppniseftirlitið að með ofangreindri upplýsingagjöf hafi aðilar fullnægt skyldu sinni til þess að tilkynna um samruna í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur um tilkynningu samruna.

Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

#### **II.**

Aðilar samrunans eru tveir, Mest og Pallaleigan Stoð. Starfsemi Mest felst í rekstri steypustöðva, vinnslu jarðefna, inn- og útflutningi, rekstri byggingavöruverslunar o.fl. Þá selur félagið og leigir út vinnuvélar og byggingavélar til mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda auk þess að veita þjónustu tengdri sölu og leigu vélanna.

Pallaleigan Stoð selur og leigir verkpalla, stiga, tröppur og aðrar byggingavörur sem félagið flytur inn.

#### **III.**

Í tilkynningu aðila segir að Mest sérhæfi sig í sölu á vörum og þjónustu til verktaka og fagaðila í byggingaiðnaði og verklegum framkvæmdum. Markmið samrunans sé að festa Mest enn frekar í sessi með nýjum vörflokkum og bjóða upp á valkost á markaðnum sem hafi þá stefnu að þjónusta viðskiptavini allt frá því að þeir fá lóð úthlutað þar til mannvirki og umhverfi er tilbúið til notkunar. Með samrunanum hafi vöru- og þjónustuframboð Mest orðið fjölbreyttara þar sem þeir vörflokkar sem tilheyri Pallaleigunni Stoð hafi ekki verið meðal vöruúrvals Mest fyrir samrunann.



Þá segir í tilkynningunni að samrunaaðilar telji hinn landfræðilega markað í málinu vera Ísland. Þær vörur og þjónusta sem Mest veiti sé að hluta til staðbundin, s.s. sala á steinsteypu. Eingöngu sé hægt að þjónusta svæði sem eru í nálægð við steinsteypustöðvar félagsins þar sem um sé að ræða ferskvöru sem hafi stuttan líftíma áður en henni sé dælt í steypumót. Aðra vöru og/eða þjónustu sé hægt að afhenda eða inna af hendi á þeim landfræðilega markaði sem fyrirtæki starfi á svo fremi sem dreifileiðir séu fyrir hendi.

Samrunaaðilar telja að í kjölfar samrunans verði ekki um beina skörun að ræða á þeim mörkuðum sem félögin starfi á. Þá sé ekki um það að ræða að þeir markaðir sem annað félagið starfi á séu á fyrra eða síðara sölustigi miðað við þá markaði sem hinn aðilinn starfi á. Hvorki sé því um láréttan né lóðréttan samruna að ræða í skilningi samkeppnisréttar. Samruninn komi því ekki til með að hafa áhrif á markaðshlutdeild fyrirtækjanna á þeim mörkuðum sem þau starfi á.

#### IV.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Mest og Pallaleigunnar Stoðar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með samningi um yfirtöku Mest ehf. á öllum eignum og rekstri Pallaleigunnar Stoðar ehf. felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson